

17
30. mars

Reglugjörð

um iðgjöld til brunabótasjóða sveitarfélaga o. fl.

Brunabótaiðgjöld þau, sem ákveðin eru í 21. gr. reglugjörðar 20. október 1906, um brunabótasjóði sveitarfélaga, skulu haldast óbreytt til ársloka 1921.

Frá 1. apríl 1918 er framkvæmdarstjóra brunabótafélags Íslands, samkvæmt 23. gr. laga nr. 54 frá 3. nóvember 1915, falin stjórn hins sameiginlega brunabótasjóðs fyrir sveitahíbýli.

Í stjórnarráði Íslands, 30. mars 1918.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

18 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Ekknasjóð Vestur-Skafta-8. apríl fellsprófastsdæmis«, útgefin á venjulegan hátt að mandaturnum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 8. apríl 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir ekknasjóð Vestur-Skaftafellsprófastsdæmis.

1. gr.

Tilgangur þessa sjóðs er að styrkja þurfandi ekkjur í Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi, og skal hann því heita: Ekknasjóður Vestur-Skaftafellsprófastsdæmis. Eign sjóðsins er nú kr. 900,00.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru frjálsar gjafir, föst árleg tillög þeirra, sem nú eru og síðar kunna að verða tillagsmenn sjóðsins og nokkur hluti árlegra vaxta höfuðstólsins, sem síðar greinir.

Lágmark fastra tillaga til sjóðsins sje 1 — ein — króna á ári.